

## Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum

Gildir frá 1. október 2018

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum. Dagforeldrar eiga val um að greiðsla á sumarmánuði falli til í júlí eða ágúst. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu fræðsluráðs.
2. Skilyrði fyrir greiðslur eru eftirfarandi
  - a. Að foreldri eigi lögheimili í Hafnarfirði
  - b. Barn sé níu mánað í þeim mánuði þegar greiðsla hefst og 6 mánaða hjá einstæðu foreldri og námsmönnum.
  - c. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
  - d. Að barn sé slysatryggt.
3. Mánaðarleg greiðsla miðast við dvalartíma barns og er kr. 8.011 kr. fyrir hverja klukkustund á dag
4. Greitt er viðbótar niðurgreiðsla til tekjulágra foreldra/forráðarmanna og er kr. 9.551 (20%) og kr. 11.194 (40%) í samræmi við eftirfarandi tekjuviðmið:

### Einstaklingur

0 til 4.294.104 kr. -(allt að á mánuði 357.842 kr.)	40%
4.294.105 til 5.152.924 kr. - (allt að á mánuði 429.410 kr.)	20%

### Í sambúð

0 til 6.011.744 kr. - (allt að á mánuði 500.979 kr.)	40%
6.011.745 til 7.214.094 kr. - (allt að á mánuði 601.174 kr.)	20%

Afsláttur er reiknaður út frá álagningu ársins á undan það er samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10). Ef tekjur hafa breyst á árinu skal skila inn gögnum um tekjur sl. þriggja mánaða.

5. Greitt er fyrir hálfan og heilan mánuð og miðast við 1. og 15. hvers mánaðar.
6. Veittur er 100% afsláttur af dvalargjaldi með öðru barni ef um systkini yngra en fimmtán mánaða er að ræða í daggæslu.
7. Foreldrar fá afslátt af dvalargjaldi leikskóla ef þeir eru með börn samtímis í leikskóla, gegn því að framvísa til leikskólustjóra niðurgreiðslukvittun frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.
8. Sérstök niðurgreiðsla er greidd vegna barna eldri en fimmtán mánaða og er kr. 11.194 fyrir hverja klukkustund á dag. Ekki er greitt fyrir fleiri en 8 ½ stundir á dag. Greiðslur hefjast næsta mánuð eftir að barnið hefur náð fimmtán mánaða aldri og eru fjárhæðir óháðar tekjum. Frá og með 1. ágúst 2017 miðast niðurgreiðslan við fimmtán mánaða aldur.

Samþykkt í bæjarstjórn

x. xxxx 2018

Rósa Guðbjartsdóttir  
bæjarstjóri